

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundargerð 1. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu mánudaginn 2. júní 2014 kl. 13.00

Dagskrá

1. Skipan stýrihópsins og hlutverk.
2. Fjárlög 2015.
3. Lokauppgjör vegna sóknaráætlana 2013.
4. Samningar um framlög til byggðapróunar 2014.
5. Úttekt á sóknaráætlunum landshluta.
6. Undirbúningur að vinnu við sóknaráætlun landshluta 2015-2017.
7. Byggðaaáætlun 2014-2017.
8. Önnur mál.
 - a) Landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra.
 - b) Málþing um sóknaráætlun Norðurlands eystra.
 - c) Næsti fundur.

Mættir: Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Heiður Björnsdóttir (VEL), Héðinn Unnsteinsson (FOR, kom kl. 13.30), Karl Björnsson (Samband ísl. sveitarfél.), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (UAR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Þórarinn V. Sólmundarson (MMR).

Torfi setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega nýju fulltrúana Heiði, Steinunni og Unni.

Umfjöllun og afgreiðsla

1. Skipan stýrihópsins og hlutverk

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er fullmannaður og tekur við hlutverki stýrinets Stjórnarráðsins. Í stýrihópnum eiga sæti einn fulltrúi frá hverju ráðuneyti og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er formaður stýrihópsins. Byggðastofnun sér stýrihópnum fyrir verkefnastjóra og annarri sérfræðiaðstoð eftir samkomulagi. Erindisbréf verða send fulltrúunum á næstu dögum.

2. Fjárlög 2015

Framhaldið umræðu frá fundi fráfarandi stýrinets, þann 8. apríl sl., um hvernig tryggja megi aukið fjármagn til sóknaráætlana landshluta í fjárlögum. Rætt var um möguleika á að fara með slík mál fyrir samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum eiga ráðherra sveitarstjórnarmála, fjármálaráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga þar fast sæti. Aðrir ráðherrar sitja fundi samstarfsráðsins eftir því sem tilefni er til hverju sinni.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Einnig var ræddur möguleiki á að fara með málið í gegnum svokallaða Jónsmessunefnd, sem er samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga sem í eiga sæti ráðuneytisstjórar fjármála- og efnahagsráðuneytis og innanríkisráðuneytis og tveir fulltrúar Sambandsins. Næsti fundur Jónsmessunefndar verður 10. júní nk. og mun Karl, sem starfar með nefndinni setja málið á dagskrá fundarins.

Á fjárlögum ársins 2014 er gert ráð fyrir 100 m.kr. í sóknaráætlanir landshluta sem skiptist milli átta landshluta eftir tilteknum viðmiðum. Í nefndaráliti atvinnuveganefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 er lagt til „að við undirbúning fjárlaga næsta árs verði auknum fjármunum varið til sóknaráætlunar“. Stýrihópurinn telur að ef tillaga atvinnuveganefndar nái fram að ganga á næsta ári að þá muni grundvöllur sóknaráætlana styrkjast og trúverðugleiki þeirra aukast. Við ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag sóknaráætlana verður fyrirhuguð úttekt á framkvæmd sóknaráætlana, sem mun liggja fyrir í lok ágúst, höfð til hliðsjónar.

3. Lokauppgjör vegna sóknaráætlana 2013

Hólmfríður dreifði drögum að greinargerð um framkvæmd og fjárhagsuppgjör sóknaráætlana 2013. Stýrihópurinn gerði ekki athugasemdir við drögin og Hólmfríði var falið að senda þau til framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna, gefa þeim viku til að gera athugasemdir og í framhaldinu senda þeim endanlegt form vegna uppgjör sóknaráætlana-verkefnanna.

4. Samningar um framlög til byggðaðróunar 2014

Samningar um framlög til byggðaðróunar í landshlutunum átta voru sendir landshlutasamtökunum til undirritunar þann 13. maí sl. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skrifað undir samningana og bíða þeir undirritunar fjármála- og efnahagsráðherra. Landshlutasamtökin hafa frest til 10. júní til að skila tillögum um hvernig þau hyggjast verja sóknaráætlunarfjármunum ársins 2014.

5. Úttekt á sóknaráætlunum landshluta

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur gert samning við ráðgjafarfyrirtækið Evris Advice ehf um úttekt á framkvæmd sóknaráætlana landshluta. Til upplýsinga var verksamningi og fylgiskjali með helstu verkþáttum dreift á fundinum. Landshlutasamtökum sveitarfélaga hefur verið greint frá úttektinni.

6. Undirbúningur að vinnu við sóknaráætlun landshluta 2015-2017

Rætt var um undirbúning að vinnu við sóknaráætlun landshluta fyrir árin 2015-2017. Rökin fyrir tímabilinu eru meðal annars þau að tengja sóknaráætlanir við byggðaáætlun sem gildir út árið 2017. Almenn umræða um fyrirkomulag sóknaráætlana þar sem meðal annars var rætt um tengsl við aðrar opinberar áætlanir, árangursmat og eftirlit, hvort setja ætti kröfur um sjálfbærni verkefna og mótframlag.

Ákveðið að boða til sameiginlegs hugarflugsfundar stýrihópsins, landshlutasamtaka og fleiri í lok ágúst.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Fram kom að formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga koma saman til árlegs vorfundar 12.-13. júní þar sem þessi mál verða væntanlega rædd.

7. Byggðaáætlun 2014-2017

Þingsályktunartillaga um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 var samþykkt af Alþingi 12. maí sl. Almenn umræða um áætlunina og tengsl hennar við sóknaráætlanir. Þá var rætt um að bæði byggðaáætlun og sóknaráætlanir hafi litla stoð í lögum.

8. Önnur mál

a) Landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra

Héðinn greindi frá því að ríkisstjórnin samþykkti, þann 9. maí sl., að skipuð yrði sérstök landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra sem komi með tilögum til að efla byggðaþróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingu á svæðinu. Nefndin hefur þegar verið skipuð og skal skila tillögum sínum eigi síðar en 1. nóvember 2014. Nefndin er undir forystu forsætisráðuneytisins og skal hafa samráð við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

b) Málþing um sóknaráætlun Norðurlands eystra

Stefanía greindi frá því að hún, ásamt Héðni og Hólmfríði, sóttu vel heppnað málþing á vegum Eyþings þann 30. apríl sl. Á málþinginu voru kynnt þau verkefni sem ráðist var í, á grundvelli sóknaráætlana Norðurlands eystra 2013 og 2012, auk umræðu um verklag sóknaráætlana og framtíð þeirra.

c) Næsti fundur

Ákveðið að boða til næsta fundar í viku 25. Hólmfríði falið að boða fundinn 19. eða 20. júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.